



Búsetudeild Akureyrarbæjar  
Glerárgötu 26, 600 Akureyri  
sími 460-1410

## Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu Akureyrarbæjar - frá 1. janúar 2012

samkvæmt heimild í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Notendur greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar og akstur.

Önnur þjónusta er gjaldfrí

### Aðstoð við almenn heimilisstörf

Gjald fyrir heimaþjónustu er **1000 krónur fyrir hvern unninn tíma**. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við heimilisstörf vikulega. Þjónusta umfram það er gjaldfrí.

### Heimsendur matar

Hver skammtur kostar **1000 krónur**.

### Akstur á vegum heimaþjónustunnar

Notandi greiðir **111 krónur fyrir hvern kílómetra** sem starfsmaður ekur með eða fyrir notandann. Gjaldið er í samræmi við ákvarðanir Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis og tekur breytingum í samræmi við ákvarðanir nefndarinnar, sjá nánar á vefsíðu ráðuneytisins:

[www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostn.html](http://www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostn.html)

### Innheimta

Gíróseðlar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir notendum mánaðarlega, í upphafi næsta mánaðar eftir að þjónustan er innt af hendi.

### Niðurfelling gjalds fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf

Þeir sem eru eingöngu með tekjur frá Tryggingastofnun Ríkisins, þ.e. lífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót eða tekjur sem samsvara þeirri fjárhæð, eiga rétt á að *sækja um niðurfellingu á gjaldi*. Viðmiðunarupphæðir taka breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga. Undanþága frá gjaldi gildir hvorki fyrir heimsendingu matar né akstur. Sótt er um niðurfellingu gjalda á sérstökum eyðublöðum sem m.a. má nálgast á skrifstofu Búsetudeildar Akureyrarbæjar í Glerárgötu 26, s. 460-1410, í þjónustuanddyri bæjarins í Geislagötu 9, s. 460-1000 og á vefsíðu bæjarins: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is). Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

### Tekjumörk árið 2012

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2012, er miðað við hámark TR í janúar 2012. Einstaklingar með tekjur undir 203.005 krónum á mánuði og fólk sem heldur heimili saman, hvort með tekjur undir 174.946 krónum á mánuði, eiga rétt á niðurfellingu gjalds.

Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá TR eiga rétt á niðurfellingu gjalds fyrir ofangreinda þætti félagslegrar heimaþjónustu jafnvel þótt tekjur þeirra frá TR séu hærri en ofangreind viðmið um tekjumörk. Þeir sem hafa tekjur umfram tekjur frá TR eða samsvarandi fjárhæð, greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

### Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðun um synjun á niðurfellingu gjalds fyrir heimaþjónustu til Félagsmálaráðs Akureyrar. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun starfsmanna.

Ákvörðun félagsmálaráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun ráðsins.

Samþykkt í félagsmálaráði 16.07.09 og í bæjarráði 23.07.09

Breytingar samþykktar í félagsmálaráði 23.11.09 og 12.01.11, í bæjarráði 26.11.09 og í bæjarstjórn 08.12.09 og 12.01.11. Breytingar samþykktar í félagsmálaráði 11.01.2012.

Hækkun á verði heimsends matar samþykkt í félagsmálaráði samhliða fjárlagagerð 2011 og í bæjarstjórn 06.12.2011.

\*Hækkun á kílómetragjaldi 1. október 2011.